

Mál nr. 99/2007

M og V

og

X hf. vagnstarfsábyrgðartryggingar bílasala

Ábyrgð vegna rangra upplýsinga um seldan bíl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. maí 2007 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M og V keyptu bifreið hjá bílasölu. Í sölulýsingu kom fram að um væri að ræða BMW bifreið af ákveðinni tegund og með tilgreinda stærð slagrymis. V og M festu kaup á bifreiðinni og höfðu ekki ástæðu til að vefengja upplýsingar um bílinn. Eftir kaupin kom í ljós að bifreiðin var hvorki þeirrar tegundar af BMW sem auglýst var né var slagrymi hennar af uppgefinni stærð. V og M krefjast þess að starfsábyrgðartrygging bílasölnunnar greiði þeim tjón þeirra sem felst í því að gangverð bifreiðarinnar sem þau keyptu er nokkru lægra en bifreiðarinnar sem þau töldu sig vera að kaupa.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að bílasalan hafði engin tök á að vita að uppgefnar upplýsingar seljanda um bifreiðina væru rangar. Hvergi í opinberum skráningargögnum kemur fram tegundarnúmer eða stærð slagrymis bifreiðarinnar. Í því efni varð bílasalinn því að treysta á réttmæti upplýsinga seljandans, sem reyndust rangar. Ekki verður séð að um saknæma háttsemi bílasalans sé að ræða heldur um blekkingar af hálfu seljandans. Á henni getur bílasalan ekki borið ábyrgð.

Niðurstaða.

Tjón V og M er ekki bótaskyld úr starfsábyrgðartryggingu bílasalans.

Reykjavík, 12. júní 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.